

Sp. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Fr. Björnsson,
Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða verðbætur á korn, sem ræktað er hér á landi, til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

Greinargerð.

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér á landi, og ætla má, að sú þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvöru, verður ekki séð, að veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að öðru leyti væru hinir beztu. Íslenska kornið verður án allra verðbóta að keppa við korn, sem flutt er inn frá útlöndum, en innflutta kornið fær sérstakar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18,61% af fob-verði vörunnar. Erlent korn er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði þess, en innlend kornframleiðsla hefur ekki við neina sambærilega stoð að styðjast og á því í vök að verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún eins og verndartollur fyrir útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri, að ætti fyrir sér að vaxa og eflast.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði bætt úr þessu misræmi með því að ákveða sömu verðbótageiðslu á hið íslenska korn og nemur niðurgreiðslunum á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfinu.

Mál þetta hefur legið fyrir tveim síðustu þingum, en ekki fengið neina afgreiðslu. En þótt ekki lægi fyrir þingsamþykkt tillögunnar, hefði ríkisstjórnin þó getað tekið málið til afgreiðslu, metið réttmæti þess og látið þá skipan koma til framkvæmda, sem tillagan gerir ráð fyrir, því að til þess hefur hún heimild 28. gr. laganna um efnahagsmál frá 1960. En þetta hefur ekki gerzt, og því kemur málið enn til þingsins. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að ekki þurfi að velkja málið óhóflega lengi, áður en það kemur til afgreiðslu, enda verður eðlilegt að teljast, að sú ákvörðun, sem þingið væntanlega tekur um mál þetta, komi til framkvæmda einnig um þá uppskeru, sem á þessu hausti fæst af íslenskum kornókrum.